



Minnisblað sviðsstjóra - málstefna

Samkvæmt 10. tl. 5. gr. bæjarmálasamþykktar skal bæjarstjórn setja sveitarfélaginu málstefnu, í samræmi við 130. gr. sveitarstjórnarlaga.

Ákvæðið er svohljóðandi:

Sveitarstjórn mótar sveitarfélaginu málstefnu í samráði við Íslenska málnefnd og eftir atvikum málnefnd um íslenskt táknmál. Þar skal koma fram að öll gögn liggja fyrir á íslensku svo sem kostur er og gerð grein fyrir heimilum undantekningum á þeirri reglu. Þar skulu settar reglur um notkun íslensks táknmáls og íslensks punktaleturs í gögnum og starfsemi sveitarfélagsins. Enn fremur skal koma fram hvaða gögn liggja að jafnaði fyrir í erlendum málbúningi og hvaða tungumál þar er um að ræða. Þá skal þar setja reglur um rétt íbúa af erlendum uppruna til samskipta við stofnanir sveitarfélagsins á annarri tungu en íslensku.

Mál það sem er notað í starfsemi sveitarfélags eða á vegum þess skal vera vandað, einfalt og skýrt.

Ákvæðið er í samræmi við efni laga um stöðu íslenskrar tungu og íslensk táknmáls, en ákvæði 10. gr. er hið sama og 2. mgr. 130. gr. sveitarstjórnarlaga. Í þeim lögum er sú skylda lögð á herðar ríki og sveitarfélaga að varðveita og efla íslenska tungu, og sjá til þess að hún sé notuð. Íslenska ríkið og sveitarfélög skulu stuðla að þróun, rannsóknnum, kennslu og útbreiðslu íslensks táknmáls og styðja að öðru leyti við menningu, menntun og fræðslu fyrir heyrnarlausu, heyrnarskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu. Leitað skal samráðs við íslenska málnefnd, sbr. 6. gr. og málnefnd um íslenskt táknmál.

Þá er íslenska mál stjórnvalda, skóla og annarra stofnana sem hafa með hönnum framkvæmdir og veita almannapjónustu, en stjórnvöld skulu þó leitast við að tryggja að sá sem skilur ekki íslensku geti fengið úrlausn erinda sinna með túlkapjónustu. Hið sama á við um íslenskt táknmál.

Einungis tvö sveitarfélög hafa sett sér málstefnu, Reykjavíkurborg árið 2017 og Dalvíkurbyggð árið 2019.

Báðar stefnur leggja áherslu á vandað, skýrt og auðskilið mál, í allri þjónustu og stjórnsýslu. Íslenska skuli vera í öndvegi. Þó skulu allar lykilupplýsingar um þjónustu vera jafnframt á ensku, og öðrum tungumálum eftir því sem kostur er. Horfa skal til annarrar stefnumörkunar, s.s. mannréttindastefnu, upplýsingastefnu, skjalastefnu og þjónustustefnu. Málstefnan gildir á öllum starfsstöðum og hjá fyrirtækjum og stofnunum sveitarfélagsins. Vefefni skuli vera aðgengilegt og auðlæsilegt m.t.t. hjálpartækja, svo sem skjálesurum og talgervlum. Eins skal huga að túlkun þar sem notast þarf við erlent tungumál eða táknmál til skilnings.

Hjá Reykjavíkurborg ber borgarstjóri ábyrgð á málstefnunni, og fagsviðið bera ábyrgð á að framfylgja henni. Skal hún endurskoðuð á 5 ára fresti. Innleiðingin var á þann veg að borgarstjóri skipaði málnefnd með starfsmönnum öllum fagsviðum sem útbjó og fylgdi stefnunni eftir og skipulagði kynningu á henni fyrir yfirstjórn fagsviða og starfsstaða og fyrirtæki og stofnanir sem veita þjónustu fyrir hönd borgarinnar.

Hjá Dalvíkurbyggð ber byggðaráð ábyrgð á málstefnunni, en fagsvið og stjórnendur stofnana bera ábyrgð á framfylgd. Skal hún endurskoðuð á 2 ára fresti, af starfshóp skipuðum af byggðaráði. Innleiðing að öðru leyti sambærileg borginni.

Er nú fyrir bæjarráð lagt fram erindi innviðaráðuneytisins, dags. 5. september, þar sem sveitarfélagið er hvatt til þess að setja sér málstefnu, í samræmi við sveitarstjórnarlög.

Við gerð málstefnu er nauðsynlegt að taka afstöðu til þess hvaða fagnefnd ber ábyrgð á gerð hennar. Eins þarf að taka afstöðu hvort og hvernig skipaður verði starfshópur til samnings stefnunnar, innleiðingar og kynningar. Meðfram stefnugerð þarf að gera innleiðingaráætlun, gátlista yfir þau atriði sem huga þarf að svo skyldur stofnana verði uppfylltar skv. stefnunni. Þá þarf að taka út stöðuna á hverjum stað, gera úrbótatillögur og fylgja þeim eftir.

Lagt er til við bæjarráð að taka afstöðu til setningu málstefnu, ábyrgðar á málinu og skipunar starfshóps.